



Vátryggingafélag Íslands hf.

Afkoma 2014

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir árið 2014 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 26. febrúar 2015. Verður ársreikningurinn lagður fyrir aðalfund þann 12. mars 2015 til staðfestingar.

Helstu niðurstöður árið 2014

- Hagnaður ársins eftir skatta nam 1.710 m.kr. eða 0,69 krónum á hlut. (2013: 2.154 m.kr. eða 0,86 á hlut).
- Löggjöld ársins námu 16.023 m.kr. (2013: 16.090 m.kr.).
- Framlegð af vátryggingarekstri var 46 m.kr. (2013: 503 m.kr.).
- Rekstrarkostnaður lækkar frá fyrra ári og kostnaðarhlutfallið var 21,4% (2013: 21,4%)
- Samsett hlutfall var 100,7% (2013: 97,8%).
- Fjármunatekjur námu 2.439 m.kr. (2013: 2.631 m.kr.).
- Heildareignir í lok ársins námu 46.466 m.kr. (2013: 46.368 m.kr.).
- Fjárfestingaeignir félagsins námu 34.658 m.kr. (2013: 36.581 m.kr.).
- Eigið fé félagsins nam 15.956 m.kr. (2013: 16.624 m.kr.).
- Eiginfjárhlutfall var 34,3% í lok árs.
- Arðsemi eigin fjár var 10,5% (2013: 13,9%).
- Á árinu greiddi félagið 1.831 m.kr. í arð til hluthafa.
- Á árinu keypti félagið eigin bréf í samræmi við endurkaupaáætlun þess að nafnverði 64 m.kr. fyrir 547 m.kr.

Helstu niðurstöður fjórða ársfjórðungs

- Hagnaður félagsins eftir skatta nam 804 m.kr. (4F13: 111 m.kr.).
- Löggjöld ársins námu 4.170 m.kr. (4F13: 4.061 m.kr.).
- Framlegð af vátryggingarekstri var 26 m.kr. (4F13: 42 m.kr.).
- Kostnaðarhlutfall var 20,5% (4F13: 22,0%)
- Samsett hlutfall var 100,4% (4F13: 100,0%).
- Fjármunatekjur námu 1.013 m.kr. (4F13: 174 m.kr.).
- Arðsemi eigin fjár var 20,5% (4F13: 0,7%).

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Hagnaður félagsins á síðasta ársfjórðungi 2014 var góður og skýrist hann af góðri ávöxtun af skuldabréfum og hlutabréfum á tímabilinu. Ávöxtun fjárfestinga félagsins nam 2,94% á fjórðungnum og 7,1% á árinu og telst góð þegar horft er til helstu viðmiða. Afkoma félagsins af vátryggingastarfsemi var hins vegar undir væntingum á árinu og þá sérstaklega afkoma af eignatryggingum og ökutækjatryggingum. Samsett hlutfall árið 2014 endaði í 100,7% en árið 2013 var samsett hlutfall 97,8%. Tjónaþungi ársins er meiri en búist var við í upphafi árs og skýrist hann annars vegar af aukinni tjónatíðni og hins vegar af fjölgun stærri tjóna. Áherslur stjórnenda á einföldun og aukna skilvirkni í rekstri hafa skilað sér í því að rekstrarkostnaður lækkaði á árinu.“

Fjárfest í innviðum

Félagið stendur í umfangsmiklum fjárfestingum í innviðum. Unnið er að innleiðingu á staðlaðri lausn trygginga- og tjónakerfis í samstarfi við danska hugbúnaðarfyrtækið TIA Technology A/S, sem er leiðandi hugbúnaðarfyrtæki fyrir tryggingafyrirtæki í Evrópu. Stefnir er að gangsetningu kerfisins um mitt ár 2015 og eru talsverðar væntingar um að það muni skila ávinningi í bættum þjónustuferlum og hagkvæmni í rekstri. Á árinu hefur jafnframt verið haldið áfram að fjárfesta í innleiðingu á LEAN og hafa stjórnendur sett sér það langtíamarkmið að byggja upp menningu sem grundvallast á stöðugum umbótum og vilja til að gera sífellt betur. Ávinningur er þegar farinn að skila sér í bættari þjónustu og einföldun í starfsemi.

Ný vátryggingalöggjöf – Solvency II

Félagið vinnur að innleiðingu á væntanlegri löggjöf um vátryggingafélög, Solvency II, sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi vátryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru ákvörðuð. Gjaldþolskrafa skv. Solvency II er reiknuð sem áhættumiðað mat á heildaráhættu félagsins þ.e. í rekstri félagsins, vátryggingastofni og eignasafni. Megin breyting á reiknuðu gjaldþoli eftir Solvency II felst í að staða vátryggingaskuldar umfram varfærnislegt mat telst til gjaldþols þó að frádragnum tekjuskatti. Þetta hefur í för með sér að gjaldþol félagsins reiknast hærra samkvæmt Solvency II. Félagið hefur reiknað gjaldþol og gjaldþolskröfu miðað við árslok 2014 og er í útreikningum tekið tillit til væntanlegrar arðgreiðslu að fjárhæð 2,5 ma.kr. Þá reiknaðist gjaldþol skv. Solvency II 15,0 milljarðar króna og



gjaldpólskrafa 9,1 milljarðar króna sem gefur gjaldpóls hlutfall 1,65. Þessi útreikningur miðast við þær forsendur og upplýsingar sem nú liggja fyrir um væntanlega löggjöf.

Samhliða innleiðingu á Solvency II er unnið að því að setja félaginu ný markmið um gjaldpólskröfu, gjaldpól og arðgreiðslustefnu. Félagið mun upplýsa um niðurstöður þeirrar vinnu þegar henni er lokið og allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi nýja löggjöf liggja fyrir.

Tillaga stjórnar til aðalfundar um arðgreiðslu

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 1,03 á hlut. Heildarjárhæð arðgreiðslunnar er um 2.500 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2015 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2015 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 13. mars 2015 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 9. apríl 2015.

Tillaga stjórnar til aðalfundar um heimild til kaupa á eigin hlutum

Stjórn félagsins mun leggja það til við aðalfund þess þann 12. mars 2015 að aðalfundur heimili stjórn félagsins að kaupa á næstu átján mánuðum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess.

Horfur

VÍS leggur áfram áherslu á að sækja og rækta samband sitt við núverandi og nýja viðskiptavini og viðhalda markaðsstöðu sinni. Áhersla er á áhættumat og rétta verðlagningu vátryggingaráhættu ásamt öflugum forvarnarstarfi til að fækka slysum og tjónum. Markmið félagsins er að auka ánægju og tryggð viðskiptavina enn frekar á sama tíma og unnið er að því að einfalda og auka skilvirkni í starfsemi félagsins og lækka kostnað. Markmið félagsins er að samsett hlutfall á árinu 2015 verði undir 100%. Jafnframt er áhersla á trausta langtímaávöxtun á fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

Um VÍS

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og starfrækir félagið 32 þjónustuskrifstofur víðsvegar um land. VÍS leggur áherslu á að starfsmenn og þjónustuaðilar félagsins vinni eftir grunngildum þess sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Hlutverk VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 26. febrúar n.k. kl. 16:15. Þar kynni Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum.

Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
Ársuppgjör 2014	26. febrúar 2015
Aðalfundur 2015	12. mars 2015
1. ársfjórðungur 2015	30. apríl 2015
2. ársfjórðungur 2015	27. ágúst 2015
3. ársfjórðungur 2015	29. október 2015
Ársuppgjör 2015	25. febrúar 2016
Aðalfundur 2016	17. mars 2016



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.



Rekstraryfirlit

	m.kr.	2014	2013
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	16.023	16.090
	Eigin iðgjöld	15.420	15.447
	Fjármunatekjur	2.439	2.631
	Heildartekjur	18.023	18.233
	Tjón tímabilsins	-12.297	-12.667
	Eigin tjón	-12.119	-11.663
	Rekstrarkostnaður	-3.922	-3.936
	Heildargjöld	-16.069	-15.677
	Hagnaður	1.710	2.154
	Hlutföll	Tjónahlutfall	76,7%
Eigið tjónahlutfall		78,6%	75,5%
Kostnaðarlutfall		21,4%	21,4%
Endurtr.kostnaðarlutfall		2,6%	-2,2%
Samsett hlutfall		100,7%	97,8%
Eiginfjárlutfall		34,3%	35,9%
Arðsemi eiginfjár		10,5%	13,9%
Gjaldþolshlutfall		3,11	3,72





Efnahagsfirlit

	m.kr.	31.12.2014	31.12.2013
Efnahagur	Eignir		
	Fjárfestingar	33.258	33.919
	Laust fé	1.400	2.662
	Viðskiptakröfur	5.284	4.926
	Endurtryggingaeignir	1.392	1.426
	Aðrar kröfur	1.540	994
	Hugbúnaður	1.185	53
	Óefnislegar eignir	868	925
	Aðrar eignir	1.539	1.463
	Eignir samtals	46.466	46.368
	Skuldir		
	Eigið fé	15.956	16.624
	Vátryggingaskuld	27.577	27.083
	Viðskiptaskuldir	697	315
Aðrar skuldir	2.236	2.346	
Skuldir samtals	46.466	46.368	
Hlutföll	Eiginfjárlutfall	34,3%	35,9%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,11	3,72

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS veur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímum þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.